



Fundargerð stjórnar HSÍ

Laugardaginn 17. apríl 2021



Annar fundur 64 stjórnar HSÍ var haldinn í fjarfundi, laugardaginn 17. apríl 2021 kl. 12.00.

Mættir voru Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Arnar Þorkelsson og Davíð B. Gíslason.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Mótamál meistaraflokka

Í ljósi óánægju með ákvörðun stjórnar HSÍ og niðurstöðu síðasta formannafundar var boðað til nýs formannafundar fyrr í dag. Á fundinum kom fram að ákveðin félög hefðu snúist hugur varðandi að leika í landsleikjahléi og var því lögð fram tillaga um að hefja mótið fyrr og spila í landsleikjahléi karla.

RG kynnti því niðurstöðu formannafundar fyrir stjórn HSÍ og var sú niðurstaða samþykkt.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari